

Fréttatilkynning

Í ljósi uppkvaðningar úrskurðar sérstakrar matsnefndar um vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar vill Regula lögmannsstofa koma eftirfarandi á framfæri, en lögmannsstofan hefur starfað að málinu fyrir um 60 einstaklinga sem eru eigendur um 50 jarða við Jökulsá á Dal.

Eftir að framleiðsla og sala raforku var samkeppnisvædd með raforkulögum frá 2002 hafa einkarekin orkufyrirtæki gert samninga við landeigendur um nýtingu vatnsréttinda fyrir umtalsverðar fjárhæðir. Það og ýmis alþjóðleg og þjóðhagsleg þróun gerði ljóst að mat á verðmætum vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar yrði tímamótamál, hvort sem litið yrði á málið út frá hagsmunum einstakra vatnsréttarhafa eða í víðtækara samhengi út frá verðmæti vatnsréttinda á Íslandi. Málið varðar verðmat á 13,6% af virkjanlegu vatnsafla á Íslandi og niðurstaðan felur því í sér viðmið um verðmæti allra vatnsréttinda Íslandi, virkjaðra og óvirkjaðra. Niðurstaðan er þannig innlegg í umræðu um fórnarkostnað við friðun vatnsfalla og um það hvað orkufyrirtæki þar á meðal í einkaeigu skuli greiða fyrir notkun á orkuréttindum í eigu ríkisins, s.s. vatnsréttindum í þjóðlendum.

Niðurstaða og ekki síst rökstuðningur meirihluta matsnefndarmanna kemur umbj. okkar á óvart. Að heildarverðmæti vatnsréttinda þeirra sem voru til mats sé um 1,6 milljarðar króna, jafngildir því að heildarverðmæti virkjanlegs vatnsafls á Íslandi (30 TWst), sé alls 11,7 milljarðar króna.

Vatnsréttarhafar fagna þeim vel rökstuddu og málefnalegu sjónarmiðum sem fram koma í áliti minnihluta nefndarinnar. Þar er talið, að verðmæti vatnsréttindanna sé á bilinu 10 - 65 milljarðar, sem þýðir að heildarverðmæti virkjanlegs vatnsafls á Íslandi sé alls um 73,5 - 478 milljarðar. Síðarnefnda talan myndi þýða að verðmæti vatnsréttinda væru eilítið meira en verðmæti alls þorskskvóta taldist vera m.v. útreikninga í máli sl.

Rök meirihluta nefndarinnar fyrir niðurstöðu sinni virðist einkum vera tilvísun til matsniðurstöðu vegna Blönduúrskurðar frá 1991, þó með einhverjum breytingum. Niðurstaða meirihlutans er að miða við hlutfall af stofnkostnaði. Niðurstaðan er 1,4% af stofnkostnaði. Vart verður séð að þessi niðurstaða sé til þess fallin að verða grundvöllur að almennri verðmyndun á markaði með vatnsréttindi til framtíðar. Menn virðast frekar vera fastir í fortíðinni.

Slíkt kemur á óvart, enda byggði málatilbúnaður Landsvirkjunar ekki á því að verðmæti vatnsréttinda ætti að vera tiltekið hlutfall af stofnkostnaði.

Í niðurstöðu meirihluta matsnefndar er sagt að vatnsréttarhafar fái í sinn hlut 17% af reiknaðri arðsemi virkjunarinnar. Nauðsynlegt er að benda á, að hér er verið að tala um 17% af því sem eftir er þegar Landsvirkjun er búin að fá 11% ávöxtun á eigið fé, eða um 36,6 milljarða, sé miðað við forsendur Landsvirkjunar sem vatnsréttarhafar hafa sýnt fram á að séu einkar varfærnar og í sumum tilvikum rangar.

Það kemur á óvart að meirihluti matsnefndar skuli álykta, að núgildandi lagaumhverfi og markaðsumhverfi sem sé til staðar á raforkumarkaði, skipti engu máli við mat á vatnsréttindum við Kárahnjúkavirkjun. Að vatnsréttarhafar skuli neyddir til að sætta sig við verðmætamat á öðrum forsendum, af því að virkjunaraðili hefur ákveðið að selja raforkuna til álvers. Telja vatnsréttarhafar að þar með sé verið að láta vatnsréttarhafa greiða hugsanlegan samfélagslegan kostnað verkefnisins.

Vatnsréttarhafar telja þau sjónarmið sem fram koma í álitni minnihluta nefndarinnar miklu líklegri til að mynda grundvöll undir upplýsta umræðu og verðmyndun til framtíðar.

Það er ekki einungis mikilvægt fyrir vatnsréttarhafa að fullar bætur séu úrskurðaðar í máli af þessu tagi, heldur hefur það grundvallaráhrif á það hvort og hvernig lögbundin samkeppni á orkumarkaði getur dafnað. Í málflutningi vatnsréttarhafa var m.a. bent á dæmi um að vatnsréttindi fyrir um 10 MW virkjun sem framleiðir raforku til almenningsnota hafi verið verðlögð á 200-500 milljónir, m.v. eingreiðslu. Niðurstaða matsnefndar felur í sér að vatnsréttindi fyrir 690 MW Kárahnjúkavirkjun, sem framleiða mun raforku fyrir álver samkvæmt ákvörðun Landsvirkjunar og stjórnvalda, eru metin á 1.600 milljónir. Það hlýtur að vera augljóst að orkufyrirtæki sem getur sótt sér vatnsréttindi með eignarnámi í stað samninga stendur betur að vígi í samkeppni aðila.

Í heild varðar málið um 80 einstaklinga og lögaðila, sem eru eigendur um 70 jarða, við Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá. Eignarhlutur þeirra er mismunandi, allt frá því að telja í prósentum niður í prómill af heildarréttindum. Sá einstaki aðili sem á mestra hagsmuna að gæta sem vatnsréttarhafi er íslenska ríkið sem á um 20% af réttindunum vegna um 15 ríkisjarðeigna á forræði landbúnaðarráðherra og alls um 50% miðað við nýlega úrskurði um þjóðlendur, sem eru á forræði forsætisráðuneytisins.

Undirritaðir munu fara ítarlega yfir úrskurðinn á næstu dögum og vikum í samráði við umbjóðendur Regula lögmannsstofu. Einstakir vatnsréttarhafar geta ákveðið skjóta úrskurðinum til dómstóla, þ.m.t. íslenska ríkið. Sama rétt á Landsvirkjun.

Nánari upplýsingar veita Hilmar Gunnlaugsson hrl. (hilmar@regula.is) og Jón Jónsson hdl. (jon@regula.is)

Ítarefni varðandi uppkvaðningu úrskurðar í matsmáli vegna vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjun.

Um stofnun matsferils og réttarstaða aðila fyrir matsnefnd

Matsnefnd, sú sem hefur úrskurðað, var komið á laggirnar með samningi sem Landsvirkjun og flestir vatnsréttarhafar sem láta af hendi vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar undirgengust í upphafi árs 2006.

Matsferlinu sem komið var á með samningnum fól í sér að réttarstaða eigenda vatnsréttinda og Landsvirkjunar yrði sambærileg við það og ef eignarnám hefði átt sér stað á vatnsréttindunum. Á grundvelli samningsins var skipuð matsnefnd fimm óvilhallra einstaklinga.

Hlutverk matsnefndarinnar var

- annars vegar að skera úr um umfang þeirra réttinda sem látin eru af hendi, eins og tíðkast við ákvörðun um eignarnám
- og hins vegar að ákveða bætur fyrir vatnsréttindi, eins og tíðkast við ákvörðun um eignarnámsbætur.

Þrátt fyrir nokkurn áhuga fjölmiðla á rekstri málsins telja undirritaðir að opinber umfjöllun hafi mátt vera ítarlegri varðandi þau grundvallarsjónarmið sem aðilar málsins tókust á um. Slíkar upplýsingar skipta verulegu máli við umfjöllun um fram komna niðurstöðu og einnig í víðfeðmara samhengi varðandi það umfjöllunarefni að hvaða leyti nýta skuli vatnsréttindi á Íslandi til framtíðar. Verður þar að hafa í huga að íslenska ríkið er eigandi stærsts hluta vatnsréttinda á Íslandi og getur sem slíkt áskilið sér árgreiðslur af

nýtingu þeirra í samræmi við það form sem frjálsir samningar hafa kveðið á um varðandi nýjar virkjanir síðan 2002.

Grundvallarsjónarmið fyrir matsnefnd

Við málsmeðferð fyrir nefndinni varð ljóst að um tímamótamál yrði að ræða enda fór síðast fram eignarnám á vatnsréttindum í tengslum við gerð Blönduvirkjunar um 1990. Við málsmeðferðina voru dregin fram fyrir hönd vatnsréttarhafa, sjónarmið um vernd eignarréttinda varðandi umfang þeirra vatnsréttinda sem látin yrðu af hendi og sjónarmið um verðmæti þeirra í samræmi við þróun íslensks efnahagslífs, samkeppnisvæðingar íslensks orkumarkaðar og þróunar orkumála á heimsvísu.

Skýrustu upplýsingar um verðmæti vatnsréttinda á Íslandi, eru að mati vatnsréttarhafa að finna í langtímasamningum sem gerðir hafa verið milli einkarekinna orkufyrirtækja og landeigenda eftir að samkeppni í vinnslu og sölu raforku var löggleidd árið 2002.

Ákvæði framangreindra samninga fela í sér að orkufyrirtæki greiða árgreiðslu til eigenda vatnsréttarhafa sem er hlutfall af verðmæti seldrar raforku frá viðkomandi virkjun. Í samningunum er finna dæmi um að vatnsréttarhafar fái **allt að 10% af tekjum af sölu raforku frá virkjun**. Við lok gildistíma slíkra samninga eiga vatnsréttarhafar áfram þau réttindi.

Í ljósi þessa var sýnt að þeir hagsmunir sem um væri að tefla í matsmálinu væru gríðarlega miklir þar sem tryggð orkuvinnslugeta Kárahnjúkavirkjunar er 4.600 Gwst. á ári (lágmarks framleiðsla er því 4.600.000.000 kwst) og verð á selda kwst frá virkjunin gæti verið um 2 kr, m.t.t. álverðs, gengis o.fl. þátta. Árlegar tekjur Landsvirkjunar geta því numið um 9-11 milljörðum.

Í matsmálinu reyndi á þá kröfu vatnsréttarhafa hvort nýjustu verðdæmi um vatnsréttindi yrðu lögð til grundvallar við mat á vatnsréttindum Kárahnjúkavirkjunar eða hvort önnur sjónarmið ættu við um virkjunina vegna stærðar hennar. **Í gögnum Landsvirkjunar kom fram það álit að í raun væru umrædd vatnsréttindi verðlaus, en þó mætti verðmeta þau á 150-375 milljónir.** Fjárhæðin og aðferðafræði Landsvirkjunar var ekki studd með vísan til nýlegra verðdæma um nýtingu vatnsréttinda (það yngsta var 15 ára gamalt matsmál) og engra verðdæma um verðmyndun á frjálsum markaði.

Jafnframt byggði Landsvirkjun á því að opinbert arðsemislíkan Kárahnjúkavirkjunar yrði lagt til grundvallar við verðmætamatið, þrátt fyrir að það hafi verið kynnt á öðrum vettvangi að forsendur þess hefi verið valdar af varfærni, m.v. óhagkvæmstu þróun. Eðlilegri og jákvæðari forsendur voru kynntar af hálfu vatnsréttarhafa m.a. eftir álitsgjöf frá doktor í hagfræði. Á það var m.a. bent að einungis þróun álverðs og gengis eftir að Landsvirkjun vann arðsemisútreikninga sína, ætti að leiða til þess að tekjur Landsvirkjunar verði 33% hærri en arðsemislíkanið byggði á.

Vatnsréttarhafar byggðu á því að stærð, hagkvæmni og trygg orkusala samkvæmt langtímasamningum vegna stórvirkjana leiddi til þess að verðmæti vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar gæti numið árgreiðslu sem væri allt að 15% af heildartekjum virkjunarinnar. Þá árgreiðslu ætti reikna til eingreiðslu með tilliti til ávöxtunarmöguleika höfuðstóls og spáa um hækkandi orkuverð í framtíðinni. Þannig var byggt á því að trygg langtímaávöxtun bótafjárhæðar gæti verið 3,5-4,5% og að orkuverð hækkaði um 1,2% að raunvirði til framtíðar (til eru spár um að hækkun raforku til stóriðjunota verði mun meiri). Eingreiðslustuðull skv. þessum forsendum gæti því verið allt að 43,4.

Miðað við meðalverð á heildsöluraforku væri um 2,4 kr/kwst mætti verðmeta vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar í samræmi við eftirfarandi, þ.e. eftir mismunandi niðurstöðu um hvaða hlutfall af heildartekjum af raforkusölu kemur í hlut vatnsréttarhafa og hvaða eingreiðslustuðull er lagður til grundvallar.

Eingreiðslustuðull ↓	Árleg greiðsla (hlutfall af brúttósölu) ->			
	5%	6,60%	7,75%	15%
20	11.184.000.000	14.762.880.000	17.335.200.000	33.552.000.000
22,22	12.426.666.667	16.403.200.000	19.261.333.333	37.280.000.000
25	13.980.000.000	18.453.600.000	21.669.000.000	41.940.000.000
28,57	15.977.142.857	21.089.828.571	24.764.571.429	47.931.428.571
43,47	24.313.043.478	32.093.217.391	37.685.217.391	72.939.130.435

Það var jafnframt grundvallarsjónarmið vatnsréttarhafa að þeir væru með engu móti bundnir af því að Landsvirkjun ákvað að semja um orkuverð frá Kárahnjúkavirkjun áður en samið væri um greiðslur fyrir vatnsréttindi, þ.e. eina hræfnið til vinnslunnar. Þess vegna ætti að líta til meðalverðs raforku í heildsölu.

Umfang þeirra réttinda sem vatnsréttarhafar láta af hendi.

Grundvallarsjónarmið vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal voru þau að sjónarmið um vernd eignarréttinda yrðu virt og vatnsréttindi yrðu einungis látin af hendi til Landsvirkjunar að því marki sem Landsvirkjun væri nauðsynlegt fyrir starfsemi Kárahnjúkavirkjunar. Vegna takmarkaðs miðlunarrýmis Háslóns er ljóst að Kárahnjúkavirkjun getur ekki virkjað allt það vatnsafl sem býr í rennsli Jökulsár á Dal.

Krafa vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal var að þeir yrðu áfram eigendur að vatnsréttindum árinna að því leyti sem Landsvirkjun gæti ekki nýtt vatnsafl Jökulsár á Dal, s.s. vegna umframrennslis sem nemur yfirfallsrennsli yfir Kárahnjúkastíflu og uppsafnaðs rennslis vegna þverá Jökulsár á Dal neðan Kárahnjúkastíflu.

Fjárhæð bóta fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Grundvallarsjónarmiðum vatnsréttarhafa við Jökulsá Dal um verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar hafa verið rakin. Þau byggja á þeim viðurkenndu eignarnámsreglum að líta eigi til verðs sambærilegra eigna á frjálsum markaði þegar eignarnámsmat fer fram. Vatnsréttindi séu í raun alltaf sama eðlis þótt stigsmunur sé á þeim eftir stærð, og að ákvörðun um það hvort þau skuli nýtt vegna margra smárra virkjana eða einnar stórrar breyti ekki eðli þeirra eða hafi úrslitaáhrif um verðmæti þeirra.

Í þessum sjónarmiðum býr í raun tvíþætt krafa,

- annars vegar að niðurstaða matsnefndar um verðmæti vatnsréttinda ætti að formi til að byggja á sambærilegri aðferðafræði og gildir um verðmyndun vatnsréttinda á frjálsum markaði
- og hins vegar að niðurstaðan ætti að vera í samræmi við þau verðdæmi sem þekkt voru þegar úrskurður matsnefndar yrði kveðinn upp.

Meirihluti matsnefndar hefur í mati sínu farið aðra leið.

Til þess að gera grein fyrir orku þeirra vatnsréttinda sem nú hafa verið verðmetin má setja 4.600 Gwst í einhvert samhengi. Sú orka samsvarar:

1,5 milljónir tonna af kolum á ári (1.500.000.000 kíló)
1.333 milljónir lítra af bensíni á ári (1.333.000.000 lítrar)

Það samsvarar því að 50 lítra tankur sé fylltur 27 milljón sinnum, þ.e. 73.000 sinnum á dag allt árið.

1,0 milljón tonna af gasolíu

Það samsvar fjórfaldri notkun fiskiskipaflotans á hverju ári.

Vakin er athygli á því að þessi samanburður tekur einungis til orkugetu umræddra vatnsréttinda á einstöku ári, en vitanlega er orka þeirra endurnýjanleg.

Viðbrögð við úrskurði matsnefndar

Lögmenn vatnsréttarhafa munu fara ítarlega yfir úrskurðinn á næstu dögum og vikum í samráði við umbjóðendur sína. Um nokkra vinnu er að ræða enda málið umfangsmikið.

Í samræmi við ákvæði sammings vatnsréttarhafa og Landsvirkjunar hafa einstakir vatnsréttarhafar heimild til að skjóta málum varðandi vatnsréttindi þeirra til dómstóla. Slíkt málskot getur tekið til álitaefna um gildi framkomins úrskurðar og/eða varðað endurskoðun á niðurstöðu um vatnsréttindi sem látin eru af hendi eða fjárhæð eignarnámsbóta fyrir þau. Þetta gildir um alla vatnsréttarhafa þ.m.t. íslenska ríkið sem á u.þ.b. 20% af vatnsréttindum vegna ríkisjarða og jafnvel allt að 50% allra réttindanna samkvæmt nýföllum úrskurðum um þjóðlendur.

Landsvirkjun á sambærilegan rétt og vatnsréttarhafa að skjóta málinu til dómstóla.

Hilmar Gunnlaugsson hrl.

Jón Jónsson hdl.